



Samkomulag vegna styrkveitingar Sveitarfélagsins Árborgar (Árborg) kt. 650598-2029 til Frískra flóamanna, hlaupahóps (FF) kt. 420507-0110

Framlag Árborgar til Stúdíó Sports hlaupsins sem haldið verður 1.maí 2021 er eftirfarandi:

- Peningastyrkur að upphæð kr. 100.000-
- Afnot af salernum og aðstöðu í Sundhöll Selfoss í tengslum við æfingar og keppnina
- Frítt í sund fyrir keppendur að hlaupi loknu gegn framvísun keppnisnúmers
- Uppsetning á hlaupakorti með keppnisleiðum ásamt fleiri göngu- og hlaupaleiðum í og við Selfoss í samstarfi við stjórn FF

Hlaupið er haldið af FF í samstarfi við verslunina Stúdíó Sport á Selfossi en styrknum er ætlað að hjálpa til við að veita góða aðstöðu og standa undir hluta kostnaðar vegna hlaupsins líkt og brautarmælingu og skipulags.

FF stendur fyrir hlaupaæfingum árið um kring fyrir alla áhugasama og er hlaupið þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:15 og laugardaga kl. 10:00. Allar æfingar hefjast við Sundhöll Selfoss. Frá 1.sept. til 31.maí er þjálfari sem stýrir æfingum.

Tekið skal fram í auglýsingum og öðru útgefnu efni tengt hátíðinni að Árborg styrki hátíðina.

FF skuldbindur sig til að senda Árborg myndir úr hlaupinu sem hægt er að nota í fréttir og kynningar.

Styrkurinn greiðist út samkvæmt reikningi frá FF að hlaupi loknu.

Selfossi, xx.janúar 2021

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

F.h. Frískra flóamanna

Gísli H. Halldórsson,
bæjarstjóri

Aðalbjörg Skúladóttir,

Vottur:
